

Rektor setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Baldur Örn Guðnason, fulltrúi menntamálaráðuneytis
Helga Hlín Hákonardóttir, fulltrúi háskólaráðs sat fund til kl. 12:00
Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis
Þóroddur Bjarnason, fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Stefán B. Sigurðsson verðandi rektor HA

Gestir:

Bragi Guðmundsson prófessor, formaður dómnefndar HA – (10.-13. dagskr.)
Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður rannsókn- og þróunarmiðstöðvar (8. dagskr.)
Sigurður Kristinsson deildarforseti hug- og félagsvísindadeildar (5. og 14. dagskr.)
Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs (4. dagskr.)
Valgerður Bjarnadóttir sérfræðingur (9. dagskr.)

Rektor bauð Stefán B. Sigurðsson verðandi rektor HA velkominn á fund háskólaráðs. Síðan kynnti hann dagskrá fundarins.

1. Fundargerð 280. og 281. fundar

0904016, 0905045

Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar.

2. Rekstraryfirlit janúar – maí

0901015

Ólafur kynnti yfirlit rekstrar fyrstu fimm mánaða ársins. Reksturinn lítur vel út á heildina lítið og er innan áætlunar. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 544.248 mkr. eða 40,22% af áætlun ársins. Rekstrar- og viðskiptadeild hefur keyrt fram úr áætlun um 6,6% og verður það skoðað. Kostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 44.717 mkr. eða 40,25% af áætlun ársins. Stofnanir eru innan áætlunar nema Ferðamálasetur og verður farið ofan í saumana á því.

3. Niðurskurður fjárveitinga 2009 og 2010

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá fundi sem hann og Stefán sátu í menntamálaráðuneyti þann 22. júní sl. Á fundinum voru boðaðir rektorar háskólanna og forstöðumenn annarra menntastofnana. Á fundinum kom fram að 1% niðurskurður sem boðaður hefur verið á þessu ári og 8,5% á því næsta gengur jafnt yfir alla háskólana. Ráðuneytið gefur ekki fyriræli um útfærslur á niðurskurði en hvatti háskólana til að hafa samráð um aðgerðir.

Ólafur sagði að krafa um 1% niðurskurð á þessu ári myndi nást með venjubundinni aðhaldssemi. Rætt var um mögulegar aðgerðir vegna niðurskurðar á árinu 2010. Rektor og framkvæmdastjóra var falið að skila tillögum um niðurskurð í anda þeirra umræðna sem fóru fram á fundinum.

4. Innritun á haustmisseri 2009

"[málsnúmer]"

Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs gerði grein fyrir innritun nýnema. Alls sóttu 690 um grunnnám. Ófullkomnar umsóknir voru 137 og 52 var hafnað. Samþykktar umsóknir voru því 501, þar af 155 í heilbrigðisdeild, 199 í hug- og félagsvísindadeild og 147 í viðskipta- og raunvísindadeild.

Alls sóttu 260 um framhaldsnám, þar af 39 í heilbrigðisdeild, 194 í hug- og félagsvísindadeild og 26 í viðskipta- og raunvísindadeild. Einni umsókn var hafnað. Aðsókn er svipuð og hún var í fyrra. Umsóknum í hjúkrunarfræði, sálfræði og umhverfis- orkufræði hefur fjölgað en færri umsóknir eru í viðskiptafræði en verið hefur.

5. Stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs

0905051

Sigurður Kristinsson deildarforseti kynnti stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs en frá og með 1. ágúst nk. fellur deildarheitið niður og „svið“ kemur í staðinn. Hug- og félagsvísindasvið skiptist síðan í þrjár deildir: félagsvísindadeild, kennaradeild og lagadeild.

Háskólaráð samþykkti stjórnskipulagið.

6. Stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs

0906048

Rektor kynnti stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs sem mun taka gildi 1. ágúst nk. Fræðasviðið skiptist í þrjár deildir: hjúkrunarfræðideild, iðjuþjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum.

Háskólaráð samþykkti stjórnskipulagið.

7. Reglur um námsmat, greinargerð prófstjóra

"[málsnúmer]"

Frestað.

8. Endurskoðun á reglum um rannsóknasjóð HA

0806060

Í júní 2008 fól rektor vísindaráði að endurskoða reglur um Rannsóknasjóð HA. Drög að reglunum voru send rektor í október sl. og hafa þau síðan verið endurskoðuð í ljósi umsagna frá háskólaráði, gæðaráði og ábendinga frá stjórn Rannsóknasjóðs. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA kom inn á fund og kynnti reglurnar.

Háskólaráð samþykkti reglurnar með breytingum og þakkaði vísindaráði fyrir mjög góða vinnu.

9. Jafnréttisáætlun HA

0803066

Valgerður Bjarnadóttir sérfræðingur gerði grein fyrir áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA sem hún hefur unnið í samráði við jafnréttisráð og yfirstjórn háskólans.

Háskólaráð samþykkti áætlunina með breytingum og lagði til að háskólinn leitaði samstarfs við Jafnréttisstofu um framkvæmd og eftirfylgni. Háskólaráð þakkaði Valgerði fyrir afar góða vinnu.

10. Dómnefndarálit, Ársæll Már Magnússon

0906045

Bragi Guðmundsson, formaður dómnefndar HA gerði grein fyrir dómnefndaráliti um Ársæl Má Magnússon. Dómnefnd mat hann hæfan til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents.

11. Dómnefndarálit, Rannveig Björnsdóttir

0906044

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um Rannveigu Björnsdóttur. Dómnefnd mat hana hæfa til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents.

12. Dómnefndarálit, Halldóra Haraldsdóttir

0906047

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um Halldóru Haraldsdóttur. Dómnefnd mat hana hæfa til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents.

13. Dómnefndarálit, Pétur Dam Leifsson

0906046

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um Pétur Dam Leifsson. Dómnefnd mat hann hæfan til að hljóta framgang úr starfi lektors í starf dósents.

14. Heiðursdoktorsnafnbót

0906033

Sigurður Kristinsson deildarforseti gerði grein fyrir tillögu hug- og félagsvísindadeildar um að Nigel David Bankes, prófessor við lagadeild Háskólans í Calgary, verði sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð samþykkti tillöguna.

Næsti fundur háskólaráðs verður haldinn 21. ágúst nk. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.